

Hagsmunasamtök Æskunnar byggja upp þekkingargrunn úr opinberum gögnum og veita kerfinu aðhald í málefnum barna

Ný almannaeftirlitssamtök, Hagsmunasamtök Æskunnar (HÆ), ætla að þróa hugbúnað sem safnar opinberum gögnum um börn sjálfvirkt og nýtir upplýsingarétt almennings til að kalla fram gögn sem annars liggja ekki opin. Með honum kortleggja samtökin ábyrgð hins opinbera í málefnum barna og vakta alla ábyrgðarkeðjuna, frá því að frumvörp eru lögð fram eða loforð gefin þar til úrræði eru komin til framkvæmda og hafa sannað gildi sitt í raun.

Stofnendurnir búa að áratuga reynslu úr barnavernd, löggæslu, meðferðarstarfi og fræðasamfélaginu, og í hópnum eru líka foreldrar sem þekkja kerfið af eigin raun. Saman ætla þau að nýta opinber gögn til að knýja fram bættu þjónustu og löggjöf í þágu barna. Þeim til liðs kemur að verkefninu vaxandi fagráð úr málaflokknum.

Enginn metur árangur kerfisins í heild

Velferð barna dreifist á mörg kerfi:

- Á annan tug lykillaga gilda um málefni barna.
- Leit að orðinu „barn“ í reglugerðasafninu skilar á þriðja hundrað reglugerðum til viðbótar.
- Ellefu ráðuneyti, fimm þeirra fara með kjarnamál barna og önnur koma að þeim með afmörkuðum hætti.
- Að minnsta kosti nítján ríkisstofnanir og embætti sem koma beint að börnum.
- Rúmlega sextíu sveitarfélög sem bera framkvæmdina að stórum hluta, í átta landshlutasamtökum.
- Hátt í fimm hundruð skólar, tugir heilsugæslustöðva og sérhæfð geðheilbrigðisþjónusta á borð við BUGL.
- Sjö sjálfstæð embætti með eftirlit.


Þegar ábyrgðin dreifist svona víða verður hún fljótt óskýr og hættan eykst á að börn falli á milli kerfa.

Ríkisendurskoðun tók farsældarlögin til stjórnsýsluúttektar og birti niðurstöðu sína 10. júní 2026. Hún var afdráttarlaus: að óbreyttu skorti forsendur til að ná meginmarkmiði laganna, að börn og aðstandendur fái samþætta þjónustu við hæfi án hindrana.

„Það lagar enginn vanda sem enginn skilur. Á meðan heildarmyndina vantar byggir stefnumótun á brotakenndum gögnum og engin áreiðanleg leið er til að mæla hvort aðgerðir skili árangri, eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á. Þess vegna ætlum við að safna upplýsingum um stöðu barna á einn stað og tengja þær saman,“ segir Alexander Gunnarsson, framkvæmdastjóri HÆ.

Hvernig hugbúnaðurinn vinnur

Meðfylgjandi flæðirit sýnir drög að ferlinu.



☐ Áhersla: ábyrgðarþrep, mannleg rýni og lykkjur

Aðeins rekjanleg gögn eru birt sem staðreyndir. Vélín flýttir vinnunni, fólk ber ábyrgðina.

Prófilar eru um kerfið og opinbera aðila, aldrei einstök mál barna.

Hugbúnaðurinn sækir opinber skjöl sjálfvirk og varðveitir hvert frumrit óbreytt, með uppruna, dagsetningu og tengli, og dregur lykilatriðin út á samræmt form. Kjarninn er að tengja saman gögn sem annars liggja dreifð: hver stofnun, hvert lagaákvæði, hvert úrræði og hvert loforð fær sinn prófil og skjölin tengja prófílana saman í eitt net.

Hugbúnaðurinn fylgist líka með framvindu mála. Hvert nýtt skjal verður dagsett atvik á tímalínu þeirra prófíla sem það snertir og fjögur þrep ábyrgðar haldast aðgreind, hvað er ákveðið, hvað er fjármagnað, hvað er efnt og hvað breytist í raun. Staða máls færast aðeins þegar nýtt skjal sannar hana.

Ekkert birtist sjálfkrafa. Hugbúnaðurinn gerir drög að tengingunum en starfsfólk HÆ fer yfir hvert atriði og samþykkir það eða hafnar. Þannig má rekja hverja fullyrðingu til frumheimildar. Prófílarnir eru um kerfið og opinbera aðila, aldrei einstök mál barna. Fyrsta verk samtakanna er að útbúa kort yfir alla ábyrgðarkeðju hins opinbera í málefnum barna.

Aðferðin er hvorki ný né óreynd. GovTrack hefur vaktað þingmál í Bandaríkjunum frá 2004 og TheyWorkForYou hið sama í Bretlandi. Loforðamælar eins og Obameter frá PolitiFact og kanadíska Polimeter, sem hefur vaktað loforð stjórnvalda frá 2013, færa stöðu loforðs aðeins þegar gögn sanna efndir. Gagnagrunnur blaðamannasamtakanna ICIJ, byggður á Panama-skjölunum og fleiri lekum, tengir yfir 800 þúsund afluðsfélög í eitt leitarbært net. Það nýja er ekki tæknin heldur að beina henni að velferð barna á Íslandi.

Stjórnin

Fimm skipa fagstjórn samtakanna.

Pétur Guðmundur Broddason er málstjóri farsældar hjá Reykjavíkurborg og stýrði áður meðferðarheimilinu að Laugalandi í fjórtán ár.

Sigrún Sigurðardóttir er dósent við Háskólann á Akureyri, rannsakar áhrif ofbeldis í æsku og hefur komið að fjölda félaga á sviði áfalla og ofbeldis, meðal annars Gæfusporum, Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi við HA, Berginu headspace og Bjarmahlíð.

Guðmundur Fylkisson er lögreglumaður með fjörutíu ára reynslu, hefur sérhæft sig í leit að týndum börnum í rúman áratug og var valinn maður ársins 2025 fyrir störf sín í þágu barna.

Lilja Björk Guðrúnardóttir er félagsráðgjafi með níu ára reynslu úr barnaverndarkerfinu og leiðir meðferðarteymi Barnaverndarþjónustu Kópavogs.

Berglind Gunnarsdóttir Strandberg er framkvæmdastjóri Foreldrahúss og var áður stjórnarformaður Vímulausrar æsku.

Anton Stefánsson er varamaður sem býr að reynslu foreldris af því að sækja þjónustu til ólíkra stofnana kerfisins.

Samhliða stjórninni starfar vaxandi fagrað, skipað reynslumiklu fólki úr málaflokknum.

Ungliðahreyfingar stjórnmálaflokka

Stjórnin er ekki fullskipuð. HÆ býður ungliðahreyfingum allra flokka á Alþingi að tilnefna fulltrúa í allt að sex stjórnarsæti til viðbótar, og fulltrúarnir taka sæti til jafns við aðra. Hugmyndin snýst ekki um stjórnmál heldur um börn: að þau sem líklega móta stefnu framtíðarinnar kynnist raunverulegri stöðu barna snemma. Samtökin hafa þegar átt samtöl við flestar ungliðahreyfingarnar og fengið góð viðbrögð. Formlegt boð um tilnefningu fer út innan skamms.

Markmið

Greiningin er ekki markmið í sjálfu sér. Á henni byggja samtökin umsagnir um frumvörp og reglugerðir, kynna niðurstöður fyrir stjórnvöldum og þingnefndum og fylgja málum eftir til framkvæmda. Að loknu hverju kjörtímabili taka samtökin einnig saman kjörtímabilsskýrslu sem sýnir hvaða loforð í málefnum barna voru efnd og hvernig staða barna breyttist frá upphafi kjörtímabilsins til loka þess.

Samtökin tengja líka fagfólk sem vinnur með börnum við stjórnvöld og aðra sem fara með ákvörðunarvald, og miðla reynslu þeirra. Einnig verður stutt við starf annarra almannaheillasamtaka sem sinna velferð barna. Almennigur fær upplýsingar um framgang mála og rétt sinn gagnvart hinu opinbera, meðal annars skýra leiðarvísa um kæruleiðir og hvernig má fylgja málum eftir þegar ábyrgðaraðili bregst skyldum sínum

Fyrsta viðfangsefnið er staða barna með fjölpættan vanda og meðferðarúrræði vegna áfengis- og vímuefnavanda. Starfið víkkar eftir því sem mannaflí og fjármagn leyfa.

Taktu þátt

Uppbyggingin er kostnaðarsöm og til að koma starfinu almennilega af stað reiða samtökin sig á stuðning almennings og fyrirtækja. Þetta er aðeins hluti þess sem samtökin ætla sér; nánari upplýsingar og leiðir til að leggja lið eða taka beinan þátt í starfinu eru á

www.hagsmunasamtokaeskunnar.is

Um Hagsmunasamtök Æskunnar

Hagsmunasamtök Æskunnar eru óháð almannaheillasamtök sem gæta hagsmuna barna gagnvart hinu opinbera og styðja þau félög sem sinna börnum beint. Samtökin safna opinberum gögnum um velferð barna á einn stað, tengja þau saman og fylgja því eftir hvað er ákveðið, hvað er efnt og hvað breytist í raun. Barnasáttmálinn er mælistikan.

Tengiliður fyrir fjölmiðla

Alexander Gunnarsson, framkvæmdastjóri

fjolmidlar@hagsmunasamtokaeskunnar.is · 766 9970

Meðfylgjandi: flæðirit kerfisins (PDF)